



## Bæjarstjórn Blönduósbæjar FUNDUR – 8. maí 2007

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 12. fundar þriðjudaginn 8. maí 2007 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Ragnar Ingi Tómasson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 2. maí 2007.
2. Fundargerð æskulýðs- og tómstundanefndar frá 17. apríl 2007.
3. Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar frá 2. maí 2007.
4. Ráðning sviðsstjóra sbr. liður 2 í fundargerð bæjarstjórnar frá 18. apríl sl.

### Afgreiðslur:

Forseti bar upp ósk um að upp verði tekinn liðurinn önnur mál. *Fundurinn samþykkti upptöku liðarins.*

#### 1. Fundargerð bæjarráðs frá 2. maí 2007.

*Fundargerð 25. fundar bæjarráðs í 17 liðum frá 2. maí 2007 kynnt og tekin til afgreiðslu. Að loknum ítarlegum umræðum bar forseti fundargerðina undir atkvæði. Hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.*

#### 2. Fundargerð æskulýðs- og tómstundanefndar frá 17. apríl 2007.

*Fundargerðin sem er í 2 liðum var kynnt. Fundargerðin er ekki talin gefa tilefni til ályktana.*

#### 3. Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar frá 2. maí 2007.

*Fundargerðin sem er í 4 liðum var kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.*

#### 4. Ráðning sviðsstjóra sbr. liður 2 í fundargerð bæjarstjórnar frá 18. apríl sl.

*Svohljóðandi tillaga lögð fram.*

*"Miðað við núverandi aðstæður á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar ákveður bæjarstjórn að ekki verði ráðið í stöðu sviðsstjóra fræðslu-, félags- og menningarsviðs eins og fyrirhugað var með auglýsingu í mars sl. Bæjarstjórn hafnar því öllum umsóknum er bærust um starfið." Undir tillöguna rita þau Jóna F. Friðriksdóttir, Valgarður Hilmarsson, Héðinn Sigurðsson og Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson.*

*Nokkur umræða varð um tillöguna. Bæjarstjóri fór yfir stöðu í starfsmannamálum skrifstofu og skýrði þau.*

*Óskað var eftir svohljóðandi bókun:*

*"Bæjarfulltrúar Á og D lista harna málsmeðferð E-listans við ráðningu á sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og er ljóst að farið var af stað með málið allt á rögum forsendum. Kemur því niðurstaðan ekki á óvart. Vinnubrögðin eru ámælisverð og lýsa óvandaðri stjórnsýslu meirihluta bæjarráðs sem uppsker falleinkunn fyrir vikið."*

*Forseti bar nú upp framlagða tillögu. Hún var samþykkt með 4 atkvæðum, 3 sátu hjá.*



**5. Önnur mál.**

**A.** Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar í 10 liðum frá 7. maí 2007 kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

**B.** Drög að breytingum á hafnarreglugerð fyrir Blönduóshöfn. Samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum að fela bæjarstjóra að ganga frá breytingum á hafnarreglugerðinni.

**C.** Svohljóðandi tillaga lögð fram.

"Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra að auglýsa stöðu byggingarfulltrúa, enda sagði núverandi byggingarfulltrúi starfi sínu lausu í desember sl."

Tillaga borin upp, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:10.

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Héðinn Sigurðsson (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Ragnar Ingi Tómasson (sign.)